

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar – apríl 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var jákvæður um 4,2 ma.kr. Þar sem innheimtar tekjur jukust um 16,5 ma.kr. milli ára en á móti jukust greidd gjöld um tæpa 23 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 35,7 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á 6,9 ma.kr. 2014. Þetta skýrist að stærstum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var á árinu 2014 kom til greiðslu í byrjun árs 2015. Þetta hefur eingöngu áhrif á sjóðshreyfingar en ekki rekstrarstöðu ársins 2015 og hafði sambærileg jákvæð áhrif á handbært fé í lok árs 2014.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-apríl 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	174.569	204.702	221.202
Greidd gjöld	177.514	194.017	216.976
Tekjujöfnuður	-2.945	10.685	4.226
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1.042	-3.800	-35.734
Handbært fé frá rekstri	-3.987	6.885	-35.734
Fjárfestingahreyfingar	-17.573	-6.408	3.150
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-21.560	477	-32.584
Afborganir lána	-12.552	-51.626	-43.504
Innanlands	-10.081	-26.852	-27.081
Erlendis	-2.471	24.774	-16.423
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-34.112	-51.149	-76.088
Lántökur	47.636	27.859	27.457
Innanlands	47.636	27.859	27.457
Erlendis	0	0	0
Breyting á handbæru fé	13.524	-23.290	-48.631

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 221,2 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins og er það 8,1% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Af heildartekjum fyrstu fjögurra mánaða ársins námu skatttekjur (tryggingagjöld meðtalin) 184,9 ma.kr. sem er 7,2% meira en í fyrra. Óreglulegir liðir eru nokkuð fyrirferðarmiklir og þegar leiðrétt er fyrir þeim helstu er aukning skatttekna milli ára 4,9%.¹ Tekjur eru jafnframt nokkuð yfir áætlun tímabilsins. Frávik eru mest í liðum utan skatttekna, sem skýrist m.a. af arðgreiðslum umfram áætlunir. Sé litið til skatttekna, leiðréttra fyrir fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sjálfs, kemur í ljós jákvætt frávik frá áætlun sem nemur 6,2 ma.kr. eða 3,6%. Frávik frá áætlun fjárlaga verða smám saman marktækari eftir því sem líður á árið.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 12,4% á milli ára og námu samtals 77,8 ma.kr. Tekjuskattur

¹ Hér eru eftirfarandi liðir taldir óreglulegir: fjármagnstekjuskattur lagður á ríkissjóð sjálfan, sérstakur fjársýsluskattur og eftirstöðvahloti tekjuskatta og tryggingagjalda að því leyti sem upplýsingar um hann liggja fyrir.



einstaklinga nam 42,8 ma.kr. sem er 2,7% meira en í fyrra og 0,8 ma.kr. eða 1,9 % undir áætlun. Sé litið til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars tímabilið janúar-apríl þá jókst hún um 7,4% á milli ára. Tekjuskattur lögaðila jókst um 27,7% frá fyrra ári og nam 16,3 ma.kr. en þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 2,7 ma.kr. Ef hann er undanskilinn nemur aukningin í tekjuskatti lögaðila 10,1 % á milli ára.

Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 18,7 ma.kr. á tímabilinu. Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum nam 5,4 ma.kr. þar af og flokkast sá hluti sem óreglulegur liður. Hin háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbanka Íslands, en greiddur fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Ef þessi óreglulegi hluti er undanskilinn nemur fjármagnstekjuskattur 13,3 ma.kr. sem er 1,6% yfir áætlun og 3,4% samdráttur milli ára.

1.1.1 Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl 2013-2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	158.237	172.508	184.909	2,4	9,0	7,2
Skattar á tekjur og hagnað	60.705	69.230	77.792	0,9	14,0	12,4
Tekjuskattur einstaklinga	38.667	41.698	42.804	5,5	7,8	2,7
Tekjuskattur lögaðila	8.694	12.758	16.296	-26,9	46,8	27,7
Skattur á fjármagnstekjur	13.345	14.774	18.692	14,9	10,7	26,5
Eignarskattar	3.599	3.433	2.590	-16,1	-4,6	-24,6
Skattar á vöru og þjónustu	67.850	72.443	75.841	4,4	6,8	4,7
Virðisaukaskattur	44.466	48.386	51.625	5,0	8,8	6,7
Vörugjöld af ökutækjum	1.191	1.279	1.706	1,0	7,4	33,4
Vörugjöld af bensíni	3.492	3.546	3.635	-0,1	1,6	2,5
Skattar á olíu	1.981	2.096	2.200	-0,8	5,8	5,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	4.981	5.503	5.601	4,6	10,5	1,8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	11.739	11.633	11.074	4,8	-0,9	-4,8
Tollar og aðflutningsgjöld	1.864	1.730	1.619	-12,8	-7,2	-6,4
Aðrir skattar	2.442	2.554	2.695	41,1	4,6	5,5
Tryggingagjöld	21.776	23.118	24.371	2,4	6,2	5,4
Fjárframlög	55	57	90	4,4	4,4	57,9
Aðrar tekjur	15.848	32.055	36.202	35,8	102,3	12,9
Sala eigna	429	82	1	-	-	-
Tekjur alls	174.569	204.703	221.202	4,2	17,3	8,1

Eignarskattar drógust talsvert saman frá fyrra ári eða um 24,6% og námu þeir 2,6 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum. Stimpilgjöld námu 1,2 ma.kr. sem er 13,8% yfir áætlun og aukning um 16,9% frá því í fyrra. Tekjur af erfðafjárskatti jukust um 21,6% á milli ára og námu 0,7 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 4,7% á milli ára og námu þeir samtals 75,8 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. eða 1,2% yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 51,6 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. eða 1,1% undir áætlun fjárlaga og aukning um 6,7% á milli ára.

Vörugjald af ökutækjum nam 1,7 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 33,4% frá því í fyrra sem skýrist af auknum innflutningi. Vörugjöld af bensíni skiluðu 3,6 ma.kr. sem er 2,5% aukning á milli ára og olíugjaldið, sem jókst um 5,0% á milli ára, skilaði 2,2 ma.kr. Bæði gjöldin eru rétt yfir áætlun fjárlaga. Kolefnisgjaldið er einnig rétt yfir áætlun og skilaði 1,1 ma.kr. sem er 12,0% meira en í fyrra. Innheimta bifreiðagjalds, sem er á gjalddaga í janúar og í júlí ár hvert, er 2,2% undir áætlun og nam 3,1 ma.kr. tímabilið janúar-apríl.



Tekjur af áfengisgjaldi námu 3,7 ma.kr. sem er á áætlun og aukning um 2,4% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru einnig á áætlun og námu 1,9 ma.kr. sem er 0,6% aukning frá fyrra ári. Sala áfengis á fyrstu fjórum mánuðum ársins mæld í vínanda jókst um 3,2% á milli ára en tóbakssala dróst saman um 1,8% að magninu til.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 1,6 ma.kr. sem er á áætlun og 6,4% samdráttur frá fyrra ári. Samdrátturinn á milli ára skýrist af áhrifum fríverslunarsamnings Íslands og Kína sem tók gildi 1. júlí í fyrra.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 24,4 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun og 5,4% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið 17,1 ma.kr. og atvinnuþryggingagjaldið 4,7 ma.kr.

Aðrir skattar eru á áætlun og námu samtals 2,7 ma.kr. sem er aukning um 5,5% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafli 1,9 ma.kr. Fjársýsluskatturinn dróst saman um 11,3% milli ára og nam 1,0 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun. Samdrátturinn á milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli en 5,5% í janúar 2015.

Aðrar tekjur en skatttekjur jukust um 12,9% milli ára á fyrstu fjórum mánuðum ársins og námu samtals 36,2 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Vaxtatekjur námu samtals 4,4 ma.kr. sem er 19,9% minna en á sama tímabili í fyrra og veiðigjaldið skilaði 3,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,0% meira en í fyrra.

Greidd gjöld námu tæpum 217 ma.kr. og jukust eins og áður segir um tæpa 23 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 12% ,sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-apríl 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	23.310	28.005	27.816	-3,1	20,1	-0,7
Almenn opinber þjónusta	15.507	16.900	16.773	3,2	9,0	-0,8
Almannatryggingar og velferðarmál	42.211	43.533	44.277	-1,4	3,1	1,7
Heilbrigðismál	41.703	43.829	48.295	9,6	5,1	10,2
Efnahags- og atvinnumál	15.910	18.370	34.711	1,6	15,5	89,0
Menntamál	19.467	19.304	20.104	8,5	-0,8	4,1
Menningar-, íþrótt og trúmál	6.269	6.623	6.366	9,9	5,6	-3,9
Lög- og réttargæsla	7.207	7.010	6.921	5,6	-2,7	-1,3
Önnur útgjöld	5.930	10.443	11.714	1,4	76,1	12,2
Gjöld alls	177.514	194.017	216.976	3,2	9,3	11,8

Þróun málaflokkanna er rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjáraukalög.

Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar-apríl 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	1.308	1.306	0,2
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	3.465	3.260	6,3
Utanríkismál	3.568	4.129	-13,6
Önnur almenn opinber þjónusta	2.628	2.735	-3,9



Fjármagnskostnaður	27.816	28.005	-0,7
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	5.804	5.471	6,1
Almenn opinber þjónusta	44.589	44.905	-0,7
Lög- og réttargæsla	6.921	7.010	-1,3
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	2.123	2.189	-3,0
Landbúnaðarmál	4.603	4.821	-4,5
Samgöngumál	7.213	6.517	10,7
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	1.460	1.642	-11,1
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	15.910	0	-
Önnur efnahags- og atvinnumál	3.402	3.201	6,3
Efnahags- og atvinnumál	34.711	18.370	89,0
Lyf og lækningavörur	5.780	6.423	-10,0
Heilsugæsla	9.874	8.612	14,6
Sjúkrahúspjónusta	21.559	18.765	14,9
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	9.516	8.682	9,6
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	1.566	1.347	16,3
Heilbrigðismál	48.295	43.829	10,2
Menningarmál	2.876	3.106	-7,4
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	3.490	3.517	-0,8
Menningar- og félagsmál	6.366	6.623	-3,9
Framhaldsskólastig	7.342	6.548	12,1
Háskólastig	11.415	11.242	1,5
Önnur menntamál	1.348	1.515	-11,0
Menntamál	20.104	19.304	4,1
Örorka og fötlun	11.362	10.897	4,3
Öldrun	16.283	15.388	5,8
Fjölskyldur og börn	9.415	8.945	5,3
Atvinnuleysi	4.455	5.427	-17,9
Vaxtabætur	209	331	-37,1
Önnur trygginga- og velferðarmál	2.553	2.546	0,3
Almannatryggingar og velferðarmál	44.277	43.533	1,7
Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun	4.032	3.474	16,1
Fjármagnstekjuskattur	5.428	4.900	10,8
Annað	2.254	2.069	8,9
Önnur útgjöld	11.714	10.443	12,2
Gjöld alls	216.976	194.017	11,8

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu voru svipuð og á fyrra ári en heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 44,6 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða rúm 62% en hann nam 27,8 ma.kr. á tímabilinu. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 5,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 3,6 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins 3,5 ma.kr. Þá námu



Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu 3,9 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu 6,9 ma.kr. og drógust lítillega saman milli ára. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 1,3 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 1,2 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 640 m.kr. og annarra lögregluembætta 1,3 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 485 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 485 m.kr. og útgjöld sérstaks saksóknara 211 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 34,7 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Stærsti útgjaldaliður þessa flokks er niðurfærsla vegna verðtrygðra húsnæðislána sem nam 15,9 ma.kr. á tímabilinu sem er heldur lægra en gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld til samgöngumála 7,2 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári en útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 4,6 ma.kr. og dragast saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 2,1 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 1,5 m.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 3,4 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 48,3 ma.kr. og jukust um 4,5 ma.kr. milli ára. sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 5,8 ma.kr. sem er lækkun frá fyrra ári og jafnframt minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu 9,9 ma.kr. samanborið við 8,6 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkrtrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 4,7 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 1,8 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkráússpjónustu námu 21,6 ma.kr. samanborið við 18,8 ma.kr. 2014 sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu tæpum 16 ma.kr. en útgjöld Sjúkráússins á Akureyri námu 1,9 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 2,1 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 9,5 ma.kr. og jukust um rúmar 800 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnýslu 1,6 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 6,4 ma.kr. á tímabilinu og voru heldur lægri en á fyrra ári og jafnframt lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 2,8 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 3,5 ma.kr. þar sem helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 1,2 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 1,7 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 20,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust um rúmar 800 m.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 7,3 ma.kr. og hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu 11,4 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári en minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu rúmum 3,7 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 5,6 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 1,3 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 44,3 ma.kr. á tímabilinu janúar - apríl og jukust lítillega milli ára en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 11,4 ma.kr. þar sem mest



munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 16,3 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 9,4 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna fæðingarorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 4,5 ma.kr. samanborið við 5,4 ma.kr. í fyrra.

Önnur útgjöld námu 11,7 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 10,4 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu rúmum 4 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við 3,5 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 5,4 ma.kr. samanborið við 4,9 ma.kr. á fyrra ári.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 32,6 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 0,5 ma.kr. Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 27,1 ma.kr. og 16,4 ma.kr. af erlendum afborgunum. Lántökur á tímabilinu námu alls 28,8 og staða ríkisvixla lækkaði um 1,4 ma.kr. Þannig nam nettó lántaka á tímabilinu alls 27,5 ma.kr.